



Borgarráð Reykjavíkur  
Tjarnagötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 14. febrúar 2024, um eftirfarandi mál:

### **Stekkjjarbrekkur-Hallsvegur - breyting á deiliskipulagi - Lambhagavegur 14**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram umsókn SORPU bs., dags. 10. júlí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbrekkna - Hallsvegur vegna lóðarinnar nr. 14 við Lambhagaveg vegna nýrrar endurvinnslustöðvar Sorpu á lóð. Í breytingunni sem lögð er til felst að fyrirkomulagi byggingarreits er breytt, bætt er við byggingarreit fyrir afgreiðslu auk þess sem byggingarreitur er stækkaður og byggingarmagn aukið, samkvæmt uppdr. Nordic, dags. 6. júlí 2023, breytt 9. febrúar 2024. Tillagan var auglýst frá 2. nóvember 2023 til og með 14. desember 2023. Eftirtaldir sendu umsagnir: Umhverfisstofnun, dags. 30. nóvember 2023, Minjastofnun Íslands, dags. 14. nóvember 2023, Veitur 5. desember 2023 og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, dags. 12. desember 2023. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. febrúar 2024. Lagt er til að tillagan verði samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2024.

Vísað til borgarráðs.


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir  
*Umhverfis- og skipulagssvið*  
*Skrifstofa stjórnýslu og gæða*

Fylgiskjöl: Uppdr. Nordic, dags. 6. júlí 2023, breytt 9. febrúar 2024, umsagnir Umhverfisstofnunar, dags. 30. nóvember 2023, Minjastofnunar Íslands, dags. 14. nóvember 2023, Veitna 5. desember 2023 og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 12. desember 2023 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. febrúar 2024.




# STEEKJARBREKKUR - HALLSVEGUR SUÐUR


## BREYTING Á DEILISKIPULAGI



GILDANDI DEILISKIPULAG 1:2000



DEILISKIPULAGSBREYTING 1:2000



HLUTI AF UPPRUNALEGU DEILISKIPULAGI, SAMÞYKKT 30.08.2007. 1:5000

Svæðið er skilgreint sem miðsvæði, þjónustukjarni við stofnbrautir (M9d) í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

Í gildi fyrir svæðið er heildarskipulag Stekkjarbrekkur-Hallsvegur suður samþykkt í borgarráði 30.08.2007 m.s.br.

### Almennt:

Heildar skipulagssvæðið afmarkast af ánni Korpu, Vesturlandsvegi og fyrirhuguðum Hallsvegi frá Víkurvegi að Vesturlandsvegi. Á svæðinu eru tvær atvinnulóðir, 9.1e.1 og 9.1e.2, og er gert ráð fyrir notkun sem þrífst vegna nálægðar við gatnamót Vesturlandsvegur og Hallsvegur og þarf að vera miðsvæðis á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins í umferðalegu tilliti.

### Breyting á deiliskipulag:

Markmiðið með deiliskipulagsbreytingunni er að koma fyrir nýrri endurvinnslustöð Sorpu. Starfsemi endurvinnslustöðvar er starfsleyfislykta og skal sækja um starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Tryggja skal að ekki verði fok á úrgangi sem tengist starfsemi endurvinnslustöðvar.

Fyrirkomulagi byggingarreitar á lóð Lambhaga 14 er breytt. Byggingarreiturinn er stækkaður og byggingarmagn aukið.

Þar sem Korputorg stendur í dag var áður urðaður úrgangur frá Skarnaverksmiðjunni sem framleiddi lífrænan áburð úr heimilisúrgangi, m.a. plast, bein, tuskur og annar óendurvinnanlegu rúrgangur. Ekki er hægt að útiloka að urðun hafi farið fram víðar á svæðinu. Verði komið niður á gamlan urðunarstað við framkævmdir á svæðinu skal hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Eftir fremsta megni skal leysa meðhöndlun ofanvatns innan lóðar, því ofanvatni sem mögulega verður veitt í regnvatnskerfi skal tryggja fullnægjandi hreinsun áður en því verður veitt í regnvatnskerfið. Komi til þess að veita þurfi ofanvatni í nálæga settjörn skal áður tryggja að áhrif á settjörn verði ekki neikvæði fyrir umhverfið og Korpúlfsstaðaá.

### Fyrir breytingu:

Lambhagavegur 14 = 9.1e.1

Stærð lóðar 11.300m<sup>2</sup>

Byggingarmagn 365m<sup>2</sup>

Hæðir: 1h

### Eftir breytingu:


Lambhagavegur 14 = 9.1e.1

Stærð lóðar 11.319m<sup>2</sup>, lóðarstærð leiðrétt skv. mæliblaði


Byggingarmagn 2.000m<sup>2</sup>

Hæðir: 1h

Að öðru leyti gilda fyrri skilmálar



ÚR AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2040



Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar þann 09.02.2024 í kjölfar athugasemda við auglýsta tillögu:

- Bætt við skilmálum í greinargerð að ef verði komið niður á gamlan urðunarstað við framkævmdir á svæðinu skal hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
- Bætt við skilmálum um meðhöndlun og hreinsun ofanvatns
- Bætt við texta í greinargerð um að sækja skuli um starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.
- Bætt við skilmálum um meðhöndlun og hreinsun ofanvatns
- Bætt við texta í greinargerð um að tryggja skuli að ekki verði fok á úrgangi.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur

meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

\_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_

og í \_\_\_\_\_

þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_ með athugasemdafresti

til \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt

í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Verkefni:

STEEKJARBREKKUR - HALLSVEGUR SUÐUR

Verkluti:

Deiliskipulagsbreyting

Mælikvarði: 1:2000, 1:5000, A3 Unnið: PMR

Samþykkt: Rýnt: JH

Útgáfudagur: 06.07.2023 Verknúmer: 20037

Teiknistöð: Teiknir:





Umhverfis- og skipulagssvið Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar  
Þórður Már Sigfússon  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2023  
UST202311-117/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Breyting - Deiliskipulag - Stekkjarbrekka-Hallsvegur - Lambhagavegur 14 - Endurvinnslustöð Sorpu - Reykjavík**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Stekkjarbrekku - Hallsveg fyrir Lambhagaveg 14 í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram breytingin á deiliskipulagi Stekkjarbrekku-Hallsvegi nær til Lambhagavegs 14 vegna uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar Sorpu. Um er að ræða breytingu sem felst í því að fyrirkomulagi byggingarreits er breytt, bætt er við byggingarreit fyrir afgreiðslu auk þess sem byggingarreitur (sem er fyrir) er stækkaður og byggingarmagn aukið.

Í gildandi deiliskipulagi kemur fram að deiliskipulagssvæðið sé innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá og nefnist það Úlfarsá og Blikastaðakró.

### **Starfsleyfi**

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni að starfsemi endurvinnslustöðvarinnar er starfsleyfisskylt hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur

### **Umhverfisáhrif**

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Úlfarsá hefur vatnshlotanúmerið 104-826-R.

Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem

vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hvert grunnástand árinna sé og auk þess er mikilvægt að það komi fram hver séu helstu áhrifaþættir endurvinnslustöðvarinnar sem geta valdið álagi á hana. Helstu áhrifaþætti að mati Umhverfisstofnunar eru frárennsli og möguleg hætta á foki úrgangs.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á skýrslu Hafrannsóknarstofnunar þar sem fjallað er um álag sem hefur greinst í ánni. Áhrif þéttbýlis á ár hefur talsvert verið rannsakað og mörg sameiginleg einkenni slíkra áhrifa eru þekkt og hafa verið nefnd „þéttbýlis áa heilkenni“ (urban stream syndrom). Í ánni hefur mældist óvenju hátt magn af níttrat (NO<sub>3</sub>-N) en níttrat er algengt í áburði sem notaður er í landbúnaði og við grænmetisræktun. Slík næringarefnainnkoma getur haft mikil áhrif á vöxt þörungna og plantna en þörungablómar vegna ofauðgunar næringarefna er víða þekkt vandamál.

Auk þess segir að mikilvægt er að vakta með reglulegum hætti efnasamsetningu og lífríki Úlfarsár en slík reglubundin vöktun er í dag eingöngu gerð á fiskstofnum árinna.<sup>1</sup>

Því er mikilvægt að sett séu ströng skilyrði um að fráveituvatn berist ekki í ána.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**

---

<sup>1</sup> <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1608029612-hv2020-39.pdf>



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2023  
MÍ202311-0021/ 6.09 / 0645

### Efni: Stekkjarbrekkur - Hallsvegur, Lambhagavegur 14 - breyting á deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar, dagsett 2. nóvember 2023, þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi, mál nr. 0785/2023. Meðfylgjandi erindinu var skipulagsuppdráttur, unnin af Nordic Office of Architecture dagsettur 06.07.2023. Samkvæmt meðfylgjandi gögnum eru tvær atvinnulóðir á svæðinu, Lambhagavegur 12 (9.1e.2) sem helst óbreytt mv. skipulagsbreytingu í janúar 2023 og Lambhagavegur 14 (9.1e.1) þar sem fyrirkomulag byggingarlóðar er breytt og byggingarreitur stækkaður.

Fyrirliggjandi fornleifaskráningar eru frá árunum 2004 og 2008 og fullnægja ekki núgildandi stöðlum Minjastofnunar um fornleifa- og húsaskráningu sbr. 16. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Samkvæmt þessum skráningum eru engar fornleifar skráðar innan marka deiliskipulagsbreytingarinnar. Starfsmenn Minjastofnunar könnuðu svæðið til á vettvangi þann 13. nóvember sl.. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum.

*Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á ofangreindu deiliskipulagi.*

*Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“*

Virðingarfyllst,

  
Henny Hafsteinsdóttir  
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

**Henny Hafsteinsdóttir**  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágr.



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2023

**Efni: Ábendingar Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi við Lambhagaveg 14**  
Mál 785/2023

Veitur hafa rýnt tillögu að nýju deiliskipulagi við Lambhagaveg 14. Í breytingunni sem lögð er til felst að fyrirkomulagi byggingarreits er breytt, bætt er við byggingareit fyrir afgreiðslu auk þess sem byggingarreitur er stækkaður og byggingarmagn aukið.

Veitur benda á að hönnun á veitukerfum tekur mið af ákveðnu byggingarmagni og að lóðin sé skilgreind sem miðsvæði en ekki athafna eða iðnaðarsvæði. Veitur benda einnig á að fullnægjandi hreinsun ofanvatns þarf að fara fram innan lóðar áður en því er veitt í regnvatnskerfi. Skoða þarf hvort að uppbygging á svæðinu hafi áhrif á settjörnina sem tekur við affalli og að viðtaki ofanvatns er Korpúlfsstaðaá.

Virðingarfyllst,  
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. desember 2023  
Tilvísun: 2023120134

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 0785/2023 í Skipulagsgátt, Stekkjarbrekkur-Hallsvegur - Lambhagavegur 14: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi).**

Vísað er til máls nr. 0785/2023 í Skipulagsgátt, Stekkjarbrekkur-Hallsvegur - Lambhagavegur 14: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fékk málið til umsagnar með tölvubréfi dags. 2. nóvember 2023. HER hefur farið yfir málið og meðfylgjandi gögn og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vekur athygli á því að starfsemi endurvinnslustöðvar Sorpu telst vera móttökustöð fyrir úrgang í skilningi laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Vert er að benda á að samkvæmt gr. 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, eru endurvinnslustöðvar tiltekna í f lið eða undir iðnaðarsvæði. Er það ekki í samræmi við skilgreinda landnotkun í deiliskipulagstillögunni. Til að unnt sé að gefa út starfsleyfi þarf því að skilgreina skipulagssvæðið í samræmi við þá starfsemi sem þarna á að fara fram.

HER vill einnig benda á að á svæðinu við Stekkjarbrekkur var urðaður úrgangur frá Skarnaverksmiðjunni sem framleiddi lífrænan áburð úr heimilisúrgangi. Plast, bein, tuskur og annar óendurvinnanlegur úrgangur var urðaður m.a. þar sem Korputorg stendur í dag. Ekki er hægt að útiloka að urðun hafi farið fram víðar á svæðinu og því ætti að tilgreina í skilmálum að sé komið niður á gamlan urðunarstað eða aðra mengun við framkvæmdir skuli þegar haft samband við HER. Eins þarf að taka afstöðu til þess í ferlinu hvernig staðið skuli að málum varðandi förgun og kostnaðarskiptingu komi þessi staða upp.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi

Guðjón I. Eggertsson  
Heilbrigðisfulltrúi



## UMSÖGN

### **Varðar: Stekkjarbrekkur-Hallsvegur, breyting á deiliskipulagi vegna Lambhagavegs 14**

Að lokinni auglýsingu er lögð fram umsókn SORPU bs., dags. 10. júlí 2023, um breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbrekkna - Hallsvegur vegna lóðarinnar nr. 14 við Lambhagaveg vegna nýrrar endurvinnslustöðvar Sorpu á lóð. Í breytingunni sem lögð er til felst að fyrirkomulagi byggingarreits er breytt, bætt er við byggingareit fyrir afgreiðslu auk þess sem byggingarreitur er stækkaður og byggingarmagn aukið, samkvæmt uppdr. Nordic, dags. 6. júlí 2023. Tillagan var auglýst frá 2. nóvember 2023 til og með 14. desember 2023. Eftirtaldir sendu umsagnir: Umhverfisstofnun, dags. 30. nóvember 2023, Minjastofnun Íslands, dags. 14. nóvember 2023, Veitur 5. desember 2023 og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, dags. 12. desember 2023.

***Tillagan var auglýst frá 2. nóvember 2023 til og með 14. desember 2023.***

### **Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðila:**

Minjastofnun Íslands, dags. 14. nóvember 2023.

Umhverfisstofnun, dags. 30. nóvember 2023.

Veitur, dags. 5. desember 2023.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 12. desember 2023.

### **SAMANTEKT:**

Almennt ganga athugasemdir hagsmunaaðila út á:

- *Fyrirhuguð starfsemi í ósamræmi við landnotkun.*
- *Tryggja þarf fullnægjandi hreinsun ofanvatns innan lóðar.*
- *Útfæra þarf ströng skilyrði um að fráveituvatn berist ekki í ána.*
- *Möguleg hætta á foki á úrgangi.*

### **ALMENNT YFIRLIT BREYTINGA:**

Í breytingunni sem lögð er til felst að fyrirkomulagi byggingarreits er breytt, bætt er við byggingareit fyrir afgreiðslu auk þess sem byggingarmagn aukið.



## **Efnislegar athugasemdir sem bárust eru eftirfarandi:**

### **Umhverfisstofnun**

#### **Efni: Breyting - Deiliskipulag - Stekkjarbrekka-Hallsvegur - Lambhagavegur 14 - Endurvinnslustöð Sorpu - Reykjavík**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Stekkjarbrekku - Hallsveg fyrir Lambhagaveg 14 í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram breytingin á deiliskipulagi Stekkjarbrekku-Hallsvegi nær til Lambhagavegs 14 vegna uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar Sorpu. Um er að ræða breytingu sem felst í því að fyrirkomulagi byggingarreits er breytt, bætt er við byggingarreit fyrir afgreiðslu auk þess sem byggingarreitur (sem er fyrir) er stækkaður og byggingarmagn aukið.

Í gildandi deiliskipulagi kemur fram að deiliskipulagssvæðið sé innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá og nefnist það Úlfarsá og Blikastaðakró.

#### **Starfsleyfi**

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni að starfsemi endurvinnslustöðvarinnar er starfsleyfisskylt hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur

#### **Umhverfisáhrif**

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Úlfarsá hefur vatnshlotanúmerið 104-826-R.

Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem

vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram hvert grunnástand árinna sé og auk þess er mikilvægt að það komi fram hver séu helstu áhrifaþættir endurvinnslustöðvarinnar sem geta valdið álagi á hana. Helstu áhrifaþætti að mati Umhverfisstofnunar eru frárennsli og möguleg hætta á foki úrgangs.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á skýrslu Hafrannsóknarstofnunar þar sem fjallað er um álag sem hefur greinst í ánni. Áhrif þéttbýlis á ár hefur talsvert verið rannsakað og mörg sameiginleg einkenni slíkra áhrifa eru þekkt og hafa verið nefnd „þéttbýlis áa heilkenni“ (urban stream syndrom). Í ánni hefur mældist óvenju hátt magn af nítrat (NO<sub>3</sub>-N) en nítrat er algengt í áburði sem notaður er í landbúnaði og við grænmetisræktun. Slík næringarefnainnkoma getur haft mikil áhrif á vöxt þörungna og plantna en þörungablómar vegna ofauðgunar næringarefna er víða þekkt vandamál.

Auk þess segir að mikilvægt er að vakta með reglulegum hætti efnasamsetningu og lífríki Úlfarsár en slík reglubundin vöktun er í dag eingöngu gerð á fiskstofnum árinna.<sup>1</sup>

Því er mikilvægt að sett séu ströng skilyrði um að fráveituvatn berist ekki í ána.

**Athugasemd:** Umhverfisstofnun segir mikilvægt að sett séu ströng skilyrði um að fráveituvatn berist ekki í ána.

**Svar:** Bætt hefur verið við skilmálum um meðhöndlum og hreinsun ofanvatns.

**Ábending:** Umhverfisstofnun bendir á að starfsemi endurvinnslustöðvarinnar er starfsleyfisskylt hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

**Svar:** Bætt hefur verið við texta í greinargerð um að sækja skuli um starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

**Ábending:** Umhverfisstofnun bendir á mögulega hættu á foki á úrgangi.

**Svar:** Bætt hefur verið verið við texta í greinargerð um að tryggja skuli að ekki verði fok á úrgangi.

## **Veitur**

**Efni: Ábendingar Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi við Lambhagaveg 14**

Mál 785/2023

Veitur hafa rýnt tillögu að nýju deiliskipulagi við Lambhagaveg 14. Í breytingunni sem lögð er til felst að fyrirkomulagi byggingarreits er breytt, bætt er við byggingareit fyrir afgreiðslu auk þess sem byggingarreitur er stækkaður og byggingarmagn aukið.

Veitur benda á að hönnun á veitukerfum tekur mið af ákveðnu byggingarmagni og að lóðin sé skilgreind sem miðsvæði en ekki athafna eða iðnaðarsvæði. Veitur benda einnig á að fullnægjandi hreinsun ofanvatns þarf að fara fram innan lóðar áður en því er veitt í regnvatnskerfi. Skoða þarf hvort að uppbygging á svæðinu hafi áhrif á settjörminna sem tekur við affalli og að viðtaki ofanvatns er Korpúlfsstaðaá.

**Ábending:** Veitur benda á að tryggja þurfi fullnægjandi hreinsun ofanvatns innan lóðar.

**Svar:** Bætt hefur verið við skilmálum um meðhöndlum og hreinsun ofanvatns.

### Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 0785/2023 í Skipulagsgátt, Stekkjarbrekkur-Hallsvegur - Lambhagavegur 14: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi).**

Vísað er til máls nr. 0785/2023 í Skipulagsgátt, Stekkjarbrekkur-Hallsvegur - Lambhagavegur 14: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fékk málið til umsagnar með tölvubréfi dags. 2. nóvember 2023. HER hefur farið yfir málið og meðfylgjandi gögn og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vekur athygli á því að starfsemi endurvinnslustöðvar Sorpu telst vera móttökustöð fyrir úrgang í skilningi laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Vert er að benda á að samkvæmt gr. 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, eru endurvinnslustöðvar tilteknar í f lið eða undir iðnaðarsvæði. Er það ekki í samræmi við skilgreinda landnotkun í deiliskipulagstillögunni. Til að unnt sé að gefa út starfsleyfi þarf því að skilgreina skipulagssvæðið í samræmi við þá starfsemi sem þarna á að fara fram.

HER vill einnig benda á að á svæðinu við Stekkjarbrekkur var urðaður úrgangur frá Skarnaverksmiðjunni sem framleiddi lífrænan áburð úr heimilisúrgangi. Plast, bein, tuskur og annar óendurvinnanlegur úrgangur var urðaður m.a. þar sem Korputorg stendur í dag. Ekki er hægt að útiloka að urðun hafi farið fram víðar á svæðinu og því ætti að tilgreina í skilmálum að sé komið niður á gamlan urðunarstað eða aðra mengun við framkvæmdir skuli þegar haft samband við HER. Eins þarf að taka afstöðu til þess í ferlinu hvernig staðið skuli að málum varðandi förgun og kostnaðarskiptingu komi þessi staða upp.

**Athugasemd:** HER vekur athygli á því að starfsemi endurvinnslustöðvar Sorpu fellur undir iðnaðarsvæði sem er ekki í samræmi við skilgreinda landnotkun í deiliskipulagstillögunni.

**Svar:** Samkvæmt ákvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 eru endurvinnslustöðvar ekki einskorðaðar við skilgreind iðnaðarsvæði. Þær eru einnig heimilar á athafnasvæðum (AT), hafnarsvæðum (H) og mögulega á miðsvæðum (M) samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi. Hér er átt við miðsvæði sem liggja við stofnbrautir og eru fjarri íbúðarbyggð. Lambhagavegur 14 er innan miðsvæðis (M9) sem liggur við Vesturlandsveg og er tiltölulega fjarri íbúðarbyggð.

**Ábending:** HER bendir á að óendurvinnanlegur úrgangur hafi verið urðaður m.a. þar sem Korputorg stendur í dag.

**Svar:** Bætt hefur verið við skilmálum í greinargerð að ef verði komið niður á gamlan urðunarstað við framkvæmdir á svæðinu skal hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.



**Minjastofnun Íslands** sendi einnig inn umsögn en gerði ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulaginu.

**Niðurstaða:**

Lagt er til að uppfærð deiliskipulagstillaga verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar hafa verið í kjölfar athugasemda og ábendinga frá Umhverfisstofnun, Veitum og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,**  
Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur.